

Samningur um Evrópska  
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

## ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 82/98  
frá 25. september 1998

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með  
bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir  
samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar  
nr. 13/94 frá 28. október 1994<sup>(1)</sup>.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/23/EB frá 29. maí 1997 um samræmingu á lögum  
aðildarríkjanna varðandi þrýstibúnað<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 6. lið (tilskipun ráðsins 87/404/EBE) í VIII. kafla II. viðauka  
við samninginn:

„6a. **397 L 0023:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/23/EB frá 29. maí 1997 um  
samræmingu á lögum aðildarríkjanna varðandi þrýstibúnað (Stjtið. EB L 181,  
9.7.1997, bls. 1).”

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 325, 17.12.1994, bls. 64 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 50, 17.12.1994, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 181, 9.7.1997, bls. 1.

2. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 2. lið (tilskipun ráðsins 76/767/EBE) í VIII. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **397 L 0023**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/23/EB frá 29. maí 1997 (Stjótd. EB L 181, 9.7.1997, bls. 1).“

3. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/23/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 26. september 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 25. september 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður

N. v. Liechtenstein

Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner